

AUGLÝSING

um staðfestingu á deiliskipulagi í Hvömmum í Hafnarfirði.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19, 21. maí 1964 hefur ráðuneytið hinn 10. ágúst 1987 staðfest uppdrátt af deiliskipulagi fyrir íbúðabyggð á B-reit í Hvömmum Hafnarfirði.

Uppdráttur þessi hefur hlotið þá meðferð, sem skipulagslög nr. 19/1964 mæla fyrir um. Hann hefur verið samþykktur af bæjarstjórn Hafnarfjarðar og skipulagsstjórn ríkisins hefur mælt með því að hann verði staðfestur.

Félagsmálaráðuneytið, 31. ágúst 1987.

F.h.r.

Hallgrímur Dalberg.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

Nr. 407

7. september 1987

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 261/1983, um fæðingarorlof, með síðari breytingum.

1. gr.

Beita skal ákvæðum 16. gr., sbr. 5. gr. reglugerðar nr. 407/1986, við greiðslu orlofs vegna fæðinga, sem átt hafa sér stað frá 1. janúar 1984.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 97/1980, um breytingu á lögum um almannatryggingar nr. 67/1971, með síðari breytingum.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 7. september 1987.

Guðmundur Bjarnason.

Páll Sigurðsson.

Nr. 408

3. september 1987

AUGLÝSING

um umferð á Siglufirði.

Að fengnum tillögum bæjarráðs Siglufjarðarkaupstaðar og samkvæmt heimild í 61. gr. umferðarlaga eru hér með settar eftirfarandi reglur um umferð á Siglufirði.

1. Vetrarbraut skal vera tvístefnuakstursgata.
2. Bifreiðastöður eru bannaðar á Vetrarbraut.

Ákvæði auglýsingar þessarar taka gildi þegar í stað.

Bæjarfógetinn á Siglufirði, 3. september 1987.

Erlingur Óskarsson.